

Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum

**Stofnunarúttekt á
Háskóla Íslands
- Samantekt -**

September 2021



Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu Gæðaráðs íslenskra háskóla (Gæðaráðs) um úttekt á Háskóla Íslands sem var gefin út á ensku 30. september 2021¹. Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem var skipaður af Gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2nd Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnanaúttektir framkvæmdar af Gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólunum í kjölfar stofnanaúttekta;
- árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs;
- vinnustofur og ráðstefnur;
- sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun Gæðaráðs íslenskra háskóla er að finna á heimasíðu ráðsins (www.qef.is).

Dr. Andrée Sursock
Formaður Gæðaráðs

Dr. Sigurður Óli Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Gæðaráðs

¹ Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á <https://qef.is/assets/PDFs/Universities/QEF2-IWR-Report-for-publication.pdf>

Ytri matshópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

Susan Hunter, formaður. Fyrirverandi rektor *University of Maine*, B.N.A.

Abbe Brown. Forseti (e. *Dean*) stoðþjónustu fyrir stúdenta, *University of Aberdeen*, Skotlandi.

Bjarki Thor Gröndfeldt, fulltrúi stúdenta. Doktorsnemi í sálfræði, *University of Kent*, Englandi

Dorte Salskov-Iversen. Deildarforseti stjórnunar- samfélags- og samskiptadeildar við *Copenhagen Business School*, Danmörku.

Philip Nolan. Rektor *Maynooth University*, Írlandi.

Sijbolt Noorda. Fyrirverandi rektor *Universiteit van Amsterdam*, Hollandi.

Raymond Smith, ritari úttektarhópsins. Sjálfstætt starfandi ráðgjafi, Englandi.

1. Um úttektina

Stofnunarúttektin (e. Institution-Wide Review) á Háskóla Íslands fór fram á fjarfundum í maí 2021 og skýrsla um niðurstöðu úttektarinnar birtist á ensku 30. september 2021. Upphaflega var áætlað að ytri matshópurinn kæmi í vettvangsheimsókn til Íslands vorið 2020, en heimsókninni var frestað vegna heimsfaraldurs COVID-19. Háskóli Íslands skilaði sjálfsmatsskýrslu sinni 16. desember 2019 og sendi viðauka við hana með uppfærðum upplýsingum 21. janúar 2021. Háskóli Íslands veitti ytri matshópnum ennfremur aðgang að ítagögnum á vefsvæði sínu.

Þegar stofnunarúttektin fór fram hafði Háskóli Íslands skilað af sér 23 af 28 skýrslum um sjálfsmat faglegra eininga (e. *Subject-Level Review*) í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (2017-2022). Háskólinn lagði einnig fram sjálfsmatsskýrslur um umgjörð rannsóknastarfs (e. *management of research*), á Félagsvísindasviði annars vegar og Hugvísindasviði hins vegar. Loks skilaði Háskóli Íslands sjálfsmatsskýrslu um miðlæga stoðþjónustu. Eins og áður var getið er hér um að ræða aðra lotu rammaáætlunar Gæðaráðs, en í þeirri fyrstu var stofnunarúttekt á Háskóla Íslands framkvæmd árið 2015 og sjálfsmat faglegra eininga á árunum 2012-2015.

Stofnunarúttektin var framkvæmd í samræmi við *Handbók gæðaráðs um rammaáætlun um eflingu gæða* (2. útgáfa) sem kom út árið 2017². Einnig tók ytri matshópurinn mið af ritinu *Kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðamat á sviði æðri menntunar í Evrópu* (e. *Standards and guidelines for quality assurance in the European Higher Education Area*)³.

2. Samantekt niðurstaðna

2.1. Almenn samantekt, þ.m.t. á umgjörð rannsóknastarfs

² www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf

³ www.gef.is/publications-and-resources/useful-resources/ESG_2015.pdf

Ytri matshópurinn þakkar rektor, háskólaráði, öðrum stjórnendum, starfsfólki og nemendum Háskóla Íslands fyrir góðar móttökur á fjarfundum. Samræður voru uppbyggilegar og viðmælendur hópsins í öllum tilvikum jákvæðir, hreinskilnir og áhugasamir um að miðla af þekkingu sinni og reynslu og að koma til skila skoðun sinni á því hvernig skólinn nálgst gæðastjórnun. Nefndu viðmælendur fjölmörg dæmi máli sínu til stuðnings.

Sjálfsmatsskýrsla Háskóla Íslands er vitnisburður um stofnun sem er tilbúin til gagnrýninnar sjálfsskoðunar og til að horfa út á við, ásamt því að hafa mikinn metnað til að hafa jákvæð áhrif á nemendur og samfélagið í heild. Talsverðar umbætur hafa verið gerðar í kjölfar síðustu stofnunarúttektar og tilheyrandi úttektar- og eftirfylgniskýrslna. Á fundum sínum með fulltrúum Háskóla Íslands aflaði úttektarhópurinn nægilegra upplýsinga til að staðfesta innihald sjálfsmatsskýrslunnar og til að undirbyggja niðurstöður sínar (sjá að neðan).

Að mati úttektarhópsins hefur Háskóli Íslands búið rannsóknum öfluga umgjörð og haft frumkvæði að margvíslegum umbótum til að styrkja innviði rannsóknastarfs frá því að síðasta stofnunarúttekt fór fram. Á sama tíma hafa rannsóknnaafköst akademísks starfsfólks Háskóla Íslands aukist og til vitnis um það eru aukið hlutfall birtinga með erlendum meðhöfundum, aukið sjálfsaflafé til rannsókna frá öðrum aðilum en hinu opinbera og staðfesting á árangri í rannsóknum á alþjóðlegum matslistum. Að mati úttektarhópsins þarf skólinn þó að gæta betur að umgjörð doktorsnáms, sem er mikilvægur hluti þess að búa vel að rannsóknum. Í þessu felst ábending um að tryggja samræmi í gæðaviðmiðum og starfsháttum sem að doktorsnemunum snúa, þvert á fræðasvið, deildir og námsleiðir. Einnig telur ytri matshópurinn að styrkja megi umgjörð rannsókna með því að innviðir skólans greiði betur fyrir þverfagslegu rannsóknasamstarfi á milli sviða og deilda.

2.2. Samantekt á styrkleikum

- Stefna Háskóla Íslands er sannfærandi og nýtur stuðnings deilda skólans.
- Samskipti innan stofnunarinnar eru árangursrík og einkennast af stuttum boðleiðum og góðu aðgengi að rektor og yfirstjórn.

- Skólinn sækist eftir endurgjöf frá utanaðkomandi aðilum og er tilbúinn til sjálfsskoðunar og að læra af henni, og þá sérstaklega til að þróa frekar alþjóðlegt samstarf í rannsóknum. Áhersla á alþjóðavæðingu og aukið samstarf geta verið frekari hvatning til breytinga.
- Háskóli Íslands er fær um að greina hvar umbóta er þörf í starfi sínu og töldu t.d. forsetar fræðasviða að auka megi samræmingu verkferla í gæðastarfi. Skólinn er reiðubúinn að þróa aðgerðaáætlanir til að bregðast við ábendingum um úrbætur.
- Verklag við sjálfsmat faglegra eininga er staðlað og aðferðafræði matsins vel þróuð og hefur leitt til samræmis í framkvæmd.
- Almennigur í landinu ber fyllsta traust til Háskóla Íslands. Háskólaráð hefur unnið að því að auka hróður skólans og ásýnd út á við, en mætti þó leggja meiri og sýnilegri áherslu á kennslu og rannsóknir.
- Umbætur í starfsemi miðlægrar stoðþjónustu skólans hafa aukið samhæfingu á milli einstakra stoðeininga.
- Ráðning verkefnastjóra doktorsnáms á öllum fimm fræðasviðum skólans er jákvæð, auk þess sem doktorsnemar og leiðbeinendur þeirra hafa nú aðgang að svokallaðri „verkfærakistu fyrir doktorsnám.“ Einnig ber að hrósa fyrir að sett hafa verið á laggirnar störf kennsluþróunarstjóra úr röðum akademískra starfsmanna á öllum fræðasviðum, en um er að ræða hálfst stöðugildi í hverju tilviki.
- Íslenskir nemendur eru ánægðir með náms- og starfsráðgjöf innan skólans.
- Stúdentaráð er í góðu sambandi við rektor og nemendur líta á sig sem fullgilda þátttakendur í háskólastarfi og telja að á þá sé hlustað.
- Skipulag innleiðingar nýrrar jafnréttisáætlunar skólans er skýrt og ábyrgðaraðilum er ætlaður nægur tími til að framkvæma hana. Rík áhersla er lögð á kynjajafnrétti og hinsegin málefni þvert á stofnunina.
- Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19, byggð á eflingu starfrænna kennsluhátta, voru árangursrík og báru vitni um snerpu og sveigjanleika Einnig tókst skólanum á sama tíma að fjarlægja ýmsar hindranir sem áður höfðu virst óyfistíganlegar.

2.3. Samantekt á tækifærum til umbóta

- Háskóli Íslands þarf að taka heildstæða umræðu um framtíðarsýn skólans, m. a. í ljósi þess að núverandi skipulag leiðir til of mikillar hólfaskiptingar, dregur úr afköstum, og setur umbótum í rannsóknum, kennslu og samfélagslegum ávinningi skorður.
- Einstakar deildir skólans hafa mikið sjálfstæði, sem leiðir til ósamræmis gagnvart starfsmönnum og nemendum milli eininga. Skólinn þarf að þróa samræmd og gegnsæ viðmið um þjónustu við doktorsnema, notkun lærdómsviðmiða og viðbrögð við kennslukönnunum, og framfylgja þeim þvert á skólann.
- Það er ólíklegt að leiðarljósum í nýrri stefnu háskólans um „snerpu“ og „gæði“ verði náð án þess að endurskoða reglur skólans (nr. 569/2009) og efla miðlæga ákvarðanatöku (t.d. innan fræðasviða skólans) og eftirfylgni til að þróa stofnanamenningu skólans.
- Enn er eftir að vinna úr þó nokkrum fjölda ábendinga sem fram komu í úttekt Gæðaráðs árið 2015 og þarf skólinn að setja sér markvissa aðgerðaáætlun með skýrum og tímasettum vörðum til að vinna úr þeim málum sem eru mest aðkallandi.
- Efla þarf umboð aðstoðarrektors kennslumála og þróunar og gæðastjóra til breytingastjórnunar í samráði við hlutaðeigandi nefndir. Þetta myndi hjálpa skólanum að bregðast við og innleiða breytingar, t.d. í kjölfar sjálfsmats faglegra eininga og annarra úttekta.
- Háskólinn þarf að endurskoða framboð sitt á u.þ.b. 350 námsleiðum til að minnka kennsluálag og draga úr fjölda stundakennara.
- Umbóta er þörf á umsýslu doktorsnáms. Þróa þarf miðlæga ferla og stefnur svo allir doktorsnemar njóti sömu réttinda og gæða þvert á skólann. Sérstaklega þarf að skoða verklagsreglur varðandi samskipti doktorsnema og leiðbeinenda og verkferla fyrir endurgjöf og kvartanir, ekki síst vegna þess valdaójafnvægis sem er í samskiptum aðila.
- Brýnt er að skólinn grípi til aðgerða til að skýra almennt skipulag og inntak meistaranáms þvert á deildir skólans. Greina þarf hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms og setja sameiginlega stefnu til að skýra umgjörð, hlutverk og stöðu meistaranáms við skólann.
- Vinnuáætlanir opinberu háskólanna felur í reynd ekki í sér heilstætt mat á frammistöðu akademísku starfsfólks. Háskóli Íslands hefur stigið nokkur skref til að leiðrétta þetta að því marki sem hann hefur tök á og er skólinn hvattur til að halda áfram á þeirri vegferð og að miðla upplýsingum um breytingar á kerfinu jafnóðum.

- Þróa þarf styrkari ferla til að tryggja gæði, þróun og umbætur í kennslu sem er í höndum stundakennara.
- Jafnréttisáætlun skólans þarf einnig að ná til nemenda í hlutanámi sem ekki geta nýtt sér námsframboð sem einungis er í boði í staðnámi, og koma til móts við erlenda nemendur sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, s.s. varðandi aðgengi að sálfræðiþjónustu.
- Innan jafnréttisnefndar þurfa að vera fulltrúar fleiri minnihlutahópa innan skólans en nú er raunin. Sérstaklega er brýnt að þar séu fulltrúar háskólasamfélagsins sem hafa ekki íslensku að móðurmáli.

2.4. Traustsyfirlýsing um gæði gráða

Úttektarhópurinn ber traust til núverandi starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veiti, í nútíð og til nánustu framtíðar.

2.5. Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis

Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar.